

ÚRSKURÐUR ÁFRÝJUNARNEFNDAR NEYTENDAMÁLA

MÁL NR. 4/2006

Kæra Timeout.is sf. á ákvörðun Neytendastofu 26. maí 2006 nr. 3/2006.

1. Þann 24. september 2006 er tekið fyrir málið nr. 4/2006: Kæra Timeout.is sf. á ákvörðun Neytendastofu 26. maí sama árs [nr. 3/2006](#). Í málinu úrskurða Ása Ólafsdóttir, Egill Heiðar Gíslason og Gizur Bergsteinsson.
2. Með kæru, dags. 27. júní 2006, hefur kærandi kært til áfrýjunarnefndar neytendamála ákvörðun Neytendastofu, dags. 26. maí sama árs, um að ekki sé ástæða til að aðhafast í tilefni af kvörtun kæranda á notkun Netvísis ehf. á léninu timeout.is.
3. Kæruheimild er í 2. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda, sbr. 4. mgr. 4. gr. laga nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins.

MÁLAVEXTIR

4. Með bréfi til samkeppnisráðs, dags. 7. janúar 2005, kvartaði kærandi yfir notkun Netvísis ehf. á léninu timeout.is., en kærandi kvaðst vera eigandi vörumerkisins „timeout“ sem væri skrásett hér á landi nr. 995/2000.
5. Með bréfi, dags. 12. janúar 2005, óskaði Samkeppnisstofnun eftir athugasemdum Netvísis ehf. um erindi kæranda. Athugasemdir bárust stofnuninni með bréfi félagsins, dags. 10. febrúar sama árs. Með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 21. sama mánaðar var kæranda boðið að tjá sig um bréf Netvísis ehf. Engar athugasemdir bárust frá kæranda.
6. Með lögum nr. 57/2005 um eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum og gagnsæi markaðarins var Neytendastofu falið eftirlit með óréttmætum viðskiptaháttum. Á grundvelli laganna tók Neytendastofa við afgreiðslu málsins 1. júlí 2005.
7. Þann 26. maí 2006 ákvað Neytendastofa að ekki væri ástæða til að aðhafast í tilefni af kvörtun kæranda á notkun Netvísis ehf. á léninu timeout.is.

RÖKSTUÐNINGUR KÆRANDA OG ATHUGASEMDIR NEYTENDASTOFU

8. Með bréfi, dags. 3. júlí 2006, óskaði áfrýjunarnefnd neytendamála eftir umsögn Neytendastofu um kærana. Umsögn Neytendastofu barst nefndinni 8. júlí sama árs. Í umsögninni kemur fram að lögheimili kæranda sé skráð að Garðastræti 40 í Reykjavík, en það heimilisfang sé einnig skráð á bréfefni kæranda. Húseignin Garðastræti 40 hafi einn aðalinngang sem sé merktur „Kastalanum“.

Kastalinn sf. og Timeout.is sf. séu bæði í eigu Freygerðar Dönu Kristjánsdóttur sem sé maki fyrirsvarsmanns kæranda. Hafi sá starfsmaður Neytendastofu, sem hafi birt ákvörðun stofnunarinnar, hringt dyrasíma „Kastalans“ og „spurt eftir Timeout“. Sá sem svaraði hafi tilkynnt að starfsmaður kæranda kæmi eftir 30 mínútur til að taka á móti ákvörðuninni. Um 30 mínútum síðar hafi nánar tiltekinn einstaklingur tekið við ákvörðuninni fyrir hönd kæranda.

9. Með bréfi, dags. 12. júlí 2006, var kæranda boðið að tjá sig um umsögn Neytendastofu. Athugasemdir kæranda bárust með bréfi, dags. 22. ágúst sama árs. Í bréfinu er því haldið fram að ákvörðun Neytendastofu hafi ekki verið birt fyrir kæranda heldur starfsmanni annars fyrirtækis sem hafi sent hana til kæranda. Er því mótmælt að ákvörðunin hafi verið birt með réttum hætti.

NIÐURSTAÐA

10. Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. laga nr. 62/2005 um Neytendastofu og talsmann neytenda skal skrifleg kæra berast áfrýjunarnefnd neytendamála innan fjögurra vikna frá því að aðila máls var tilkynnt um ákvörðun Neytendastofu. Í málinu liggur fyrir að kæran var birt á skráðu lögheimili kæranda fyrir einstaklingi sem undirritaði yfirlýsingu þess efnis að hann tæki á móti kærinni sem starfsmaður kæranda. Kveður kærandi umræddan einstakling hafa sent sér kærana. Með vísan til þessa verður ekki fundið að birtingu ákvörðunarinnar. Ákvörðunin var birt 29. maí 2006. Samkvæmt því var síðasti dagur kærufrests 26. júní sama árs. Er kæran þess vegna of seint fram komin. Eru ekki skilyrði til að taka kærana til meðferðar vegna ákvæða 1. mgr. 28. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Verður kærinni þess vegna vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.
11. Samkvæmt framansögðu verður kærinni vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.

ÚRSKURÐARORÐ:

Kærinni er vísað frá áfrýjunarnefnd neytendamála.